

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um líkbrennslu.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hvers vegna var ákveðið að reisa nýja líkbrennslu í Gufunesi, innan borgarmarka og nærri íbúðarbyggð?
- Hvaða aðrir valkostir voru skoðaðir?
- Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að tryggja að íbúar í Grafarvogi og nágrenni verði ekki fyrir ónæði, mengun eða öðrum óþægindum vegna starfsemi líkbrennslunnar?
- Hvernig verður eftirliti með og mælingum á mengun og loftgæðum í kringum nýju líkbrennsluna háttað og hvar mun almenningur geta nálgast niðurstöður slíkra mælinga?
- Hvers vegna var ákveðið að fela Kirkjugörðum Reykjavíkur rekstur líkbrennslunnar í stað þess að bjóða þjónustuna út?

Skriflegt svar óskast.